

**Útfararstofa kirkjugarðanna ehf, Útfararþjónusta borgarinnar ehf, Útfararmiðstöðin,
Útfararstofa Íslands og Félag íslenskra hljómlistarmanna
gera með sér svofellt
samkomulag
um greiðslur til söngvara starfandi við útfarir.
Gildir frá 1.2. 2021**

Fj.	Söngvarar	Laun	Undirbún.	Líf.s.j.	Tryggjald	Sjúkra og orlofs	Fata-gjald	Orlof	Bifr. Gjald	Samt. á söngv	Umsj. Gjald	Samt.
				8,00%	6,10%	1,25%		10,17%				
1	Einsöngur	31.892	1.492	2.671	2.442	417	160	3.395	1.117	43.586	0	43.586
2	Dúett	23.919	1.492	2.033	1.861	318	160	2.584	1.117	33.484	0	66.967
3	Trío	21.272	1.492	1.821	1.668	285	160	2.315	1.117	30.130	14.648	105.037
4	Quartett	17.542	1.492	1.523	1.396	238	160	1.936	1.117	25.405	14.648	116.266
5	Söngvarar	15.953	1.492	1.396	1.281	218	160	1.774	1.117	23.390	14.648	131.598
6	Söngvarar	15.101	1.492	1.327	1.219	207	160	1.688	1.117	22.311	14.648	148.515
7	Söngvarar	14.761	1.492	1.300	1.194	203	160	1.653	1.117	21.881	14.648	167.813
8	Söngvarar	14.499	1.492	1.279	1.175	200	160	1.626	1.117	21.548	14.648	187.031
9	Söngvarar	13.774	1.492	1.221	1.122	191	160	1.553	1.117	20.629	14.648	200.312
10	Söngvarar	13.429	1.492	1.194	1.097	187	160	1.518	1.117	20.193	14.648	216.579
11	Söngvarar	13.094	1.492	1.167	1.072	182	160	1.483	1.117	19.768	14.648	232.093
12	Söngvarar	12.766	1.492	1.141	1.048	178	160	1.450	1.117	19.353	14.648	246.883
13	Söngvarar	12.447	1.492	1.115	1.025	174	160	1.418	1.117	18.949	14.648	260.979
14	Söngvarar	12.136	1.492	1.090	1.003	170	160	1.386	1.117	18.554	14.648	274.408

2. gr. Helgarvinnuálag

Laugardaga og sunnudaga greiðist 42% álag á launaliði.

3. gr. Mæting

Söngvari skal mæta til starfa 15 mín fyrir athöfn. Þurfi söngvari að mæta fyrir eða á séræfingu greiðist samkvæmt 6. gr.

4. gr. Ákvæði um einsöng

Taxti einsöngvara miðast við 2 lög. Sé söngvari beðinn um að syngja fleiri lög hækkar gjaldið um 20% eða kr. 8.717,-. Um annað skal samið sérstaklega.

5. gr. Hækkarir á samningstíma

a) Ofangreind launatafla tekur gildi 1. febrúar 2007 með grunnlaunavísitölu í desember 2002, 228,7 stig, vísitölu í des 2005 273,9, desember 2006 300,8 stig, desember 2007 326,6 stig, desember 2008 353,6 stig, desember 2009 366,5 stig, júní 2010 378,3 stig, desember 2010 383,1 stig og í júní 2011 405 stig, í desember 2011 418,2 stig. Júní 2012 433,1 stig, desember 2012 437,7 stig. Júní 2013 457,8 stig. Des 2013 463,8. Júní 2014 482,7 stig. Des.2014 494,6. Júní2015 517,1. Des. 2015 542,7. Júní 2016 581,6. Des. 2016 592,2. Júní 2017 623,8. Des. 2017 632,8. Júní 2018 660,9. Des. 2018 670,7. Júní 2019 689,3. Des.2019 700,7 stig. Júní 2020 735,7 stig. Des.2020 751,2

b) 1. janúar 2004 3%

c) 1. janúar 2005 3%

e) Samningurinn fylgir launavísitölu og skulu laun uppreiknuð á 6 mánaða fresti, janúar og júlí ár hvert.

f) Tryggingagjald er samkvæmt ákvörðun Ríkisskattstjóra.

6. gr. Séræfingar vegna umfangs

Þurfi söngvari að mæta á æfingu vegna athafnar þar sem tónlistarflutningur er sérstaklega umfangsmikill eru æfingarlaun 50% af launum söngvara í 14 manna kór (samkv. launatöflu). Á hverja æfingu reiknast 1 klst í undirbúning og heimavinnu.

7. gr. Kistulagningar og söngur í garði

Við kistulagningu/söng í garði greiðist hverjum söngvara samkvæmt launum söngvara í 14 manna kór kr.18.554,-

8. gr. Laun umsjónarmanna

Laun umsjónarmanns kóra eru kr. 14.648 á athöfn. Umsjónargjald reiknast ekki á einsöng, dúett, kistulagningar og söng í garði

9. gr. Ferðir

Þurfi söngvari að ferðast milli sveitarfélaga (utan höfuðborgarsvæðisins) reiknast laun á klst. samkvæmt 50% af Launum söngvara í 14 manna kór (launaliður án undirbúnings) meðan á ferð stendur. Vegna notkunar á eigin bifreið söngvara greiðist samkvæmt ákvörðun RSK um bifreiðakostnað á km.

10. gr. Önnur atriði

Að öðru leyti en að framan greinir er vísað í lausavinnusamning Félags íslenskra hljómlistarmanna.

11. gr. Gildistími:

Samkomulag þetta gildir frá 1.3.2003 til 31.12.2006 og framlengist um eitt ár í senn hafi því ekki verið sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara.

12. gr. Ágreiningur

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Félagsdómi.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum.

Reykjavík 13 /2 2003

F.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna

F.h. Útfararstofu kirkjugarðanna

F.h. Útfararþjónustu borgarinnar ehf

F.h. Útfararmiðstöðvarinnar ehf

F.h. Útfararstofu Íslands